



SÝSLUMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Alþingi, nefndasvið  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Keflavík, 26. maí 2020


**Umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 (skipt búseta barns) 150. löggjafarþing, 707. mál.**

Vísað er til erindis frá Allherjar- og menntamálanefnd Alþingis dags 6. maí sl. þar sem óskað var umsagnar félagsins um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ákvæði um heimild foreldra, sem ekki búa saman en fara sameiginlega með forsjá barns, til að semja um skipta búsetu barns við tilteknar aðstæður, enda geti foreldrar unnið saman á fullnægjandi hátt og haft samráð um málefni barns. Þá er lagt til það nýmæli að barn geti haft frumkvæði að því að sýslumaður boði foreldra til samtals til að ræða ákveðin efni er varða barnið. Að auki er gert ráð fyrir breytingu á ákvæðum um framfærslu og meðlag með áherslu á aukið samningsfrelsi foreldra.

Sýslumannafélag Íslands fagnar því að komið sé til móts við foreldra, sem óska þess að ala barn sitt upp saman á tveimur heimilum. Fram kemur í 5. -7. gr. frumvarpsins að gert sé ráð fyrir að fullkomin sátt verði að ríkja milli foreldra um allt það er viðkemur umönnun og uppeldi barnsins svo að til greina komi að staðfesta skipta búsetu barns. Því þykir það skjóta nokkuð skökku við að gert sé ráð fyrir því í 7. gr. að þessum málum sé vísað í sáttameðferð hjá sýslumanni, enda verður ekki séð að fyrrgreind skilyrði séu þá uppfyllt. Því þykir efni 7. gr. frumvarpsins óþarft og sömuleiðis a liðs 8. gr.

Það þykir bæta stöðu barna að kveðið sé á um það með ákveðnum hætti að barn eigi rétt á að tjá sig um mál í samræmi við aldur þess og þroska. Ennfremur það nýmæli í að barn geti snúið sér til sýslumanns með ósk um að hann boði foreldra til samtals um fyrirkomulag forsjár, lögheimilis, búsetu og umgengni. Í greinargerð kemur fram að ákvæði þetta sé að danskri fyrirmynd. Fróðlegt hefði verið að vita hversu oft þetta ákvæði hefur verið nýtt í Danmörku og hvernig til stendur að kynna ákvæðið fyrir börnum og þá jafnframt hvaða skyldur verða lagðar á sýslumenn í þessum efnum.



---

SÝSLUMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Aukið samningsfrelsi foreldra hvað varðar framfærslu og meðlag er jákvætt og kemur til móts við óskir margra foreldra, sem í núverandi ástandi eru skikkaðir til að gera samninga um meðlag, þótt fyrir liggi að foreldrar ætli að skipta útgjöldum jafnt.

Þegar foreldrar hafa samið um skipta búsetu barns, gerir frumvarpið ráð fyrir að barnabætur til þeirra takmarkist við helming af útreiknuðum barnabótum eftir að tekið hefur verið tillit til tekjuskerðingar. Þannig bitnar skerðing vegna tekna annars foreldrisins á hinu. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að gert er ráð fyrir að barnabætur í heild lækki vegna þessa fyrirkomulags um 20 milljónir á ári. Má velja því upp hvort ekki hefði verið betra fyrir afkomu foreldra, og þar með barnsins, að skipta barnabótum fyrst til helminga og skerða svo hlut hvors foreldris um sig m.t.t. tekna þess, þar sem hætt er við að það greiðslufyrirkomulag sem frumvarpið boðar og verri afkomuhorfur, geti unnið gegn því að foreldrar nái að semja um skipta búsetu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ný mál vegna skiptrar búsetu barna verði um 200 á ári og verði auknum verkefnum hjá embættum sýslumanna mætt með einu stöðugildi sérfæðings í málefnum barna, sem kosti um 16 milljónir á ári. Ekki virðist hins vegar gert ráð fyrir neinum kostnaði vegna innleiðingar laganna hjá sýslumönnum. Stór hluti fjármögnunar frumvarpsins á að koma frá sparnaði við barnabætur en að öðru leyti kemur fram að aukinn kostnaður vegna sýslumanna muni rúmast innan fjárveitinga þess málaflokks. Það hlýtur að þýða að fjárveitingar vegna innleiðingar laganna verða teknar af rýrum fjárveitingum embættanna, sem kemur þá niður á annarri starfsemi þeirra.

Í heildina er Sýslumannafélag Íslands jákvætt hvað varðar efni frumvarpsins, en telur að huga mætti betur að ákvæðum er varða sáttameðferð og að kostnaðarmati vegna innleiðingar frumvarpsins.

F.h. Sýslumannafélags Íslands,

Ásdís Ármannsdóttir, formaður